



# Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2015 - 2016

<b>Fundur:</b> 6. fundur stjórnar	<b>Staður:</b> Kennarastofa Hvaleyrarskóla	<b>Dags:</b> 1.Mars	<b>tími:</b> 18:00 – 19:00
<b>Mættir:</b> Helga Guðlaug, Helga Veronica, Íris, Petrína <b>Forföll:</b> Friðrik, Guðrún Erla			

## Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Niðurstaða skólaráðsfundar??
2. Niðurstaða fundar Stjórnar Foreldraráðs Hafnarfjarðar
3. Bekkjarfulltrúar, Hvalaveislur og hvalamiðar
4. Fundargerðir á heimasíðu ☺
5. Skipta niður verkum
6. Önnur mál

### 1. Niðurstaða skólaráðsfundar

Skoðum fundargerð þegar hún verður birt. Enginn frá okkur mætti á síðasta fund. Ásbjörg og Helga Veronica ætla að mæta á þessa fundi í vetur.

### 2. Stjórn Foreldraráðs Grunnskólabarna

- Tilnefning til Hvatningaverðlauna.

Við ætlum að senda í dag á alla foreldra í skólanum testa frá foreldraráði um tilnefningu. Tilnefna má hvern sem er nema þá sem sitja í stjórn foreldrafélaga. Helga Veronica ætlar að senda á foreldra í kvöld og Petrína að setja á facebook hóp foreldrafélagsins.

- Fyrirlestur sem verður haldinn í apríl. Þessi fyrirlestur verður í boði Foreldraráðs Grunnskólabarna í Hafnarfirði og verður fyrir alla foreldra í Hafnarfirði. Guðmundur Fylkisson (sem leitar að týndum börnum) og Margeir Sveins yfirlöggreglustjóri í Hafnarfirði og Geir Bjarna Forvarnafulltrúi verða með fyrirlesturinn. Verður haldið 5. Apríl í Bæjarbíó.

### 3. Bekkjarfulltrúar, Hvalaveislur og hvalamiðar

- Hvernig gengur þetta og hafið þið eitthvað heyrt gott eða slæmt? Ekki hefur borist okkur til eyrna að fólk sé óánægt með bekkjarfulltrúa í bekkjunum, höfum lítið heyrt.

- Foreldrarölt

Oftast virðast einhverjir fara en þó þyrfti að hvetja fólk betur og fleiri að mæta. Dæmi um að eitt foreldri hafi rölt.

- Upplýsingaflæði Versins, óska eftir Salvöru eða Hafsteini inn á fund hjá okkur. Samfés verður haldið næsta föstudag eftir 3 daga og foreldrar hafa ekki enn fengið neinar upplýsingar. Gerðist líka síðast þegar var stór viðburður í unglíngadeild, Grunnskólahátíð Hafnarfjarðar. Þarf að ítreka að foreldrar fái upplýsingar og fréttir af því sem stendur til.

-forfallatilkynningar sem hafa hingað til bara borist nemendum í unglíngadeild en ekki foreldrum. Breyting hefur orðið á eftir að við báðum um að foreldrar fengju líka sms þegar tilkynning væri send um að kennsla félli niður í fyrstu tímum að morgni. Foreldrar eru farnir að fá tilkynningar og fögnum við því.

### 4. Fundargerðir á heimasíðu

- Setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans viku eftir fund ekki seinna? Þetta er að ganga betur ☺



## Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

### Starfsárið 2015 - 2016

#### **5. Skipta niður verkum**

- hver gerir hvað, auglýsingar og fleira ræddum þetta líka aðeins á síðasta fundi. Vorum að ræða að hafa ákveðinn aðila sem sér um þessi atriði. Ritari getur séð um auglýsingar viðburða foreldrafélagsins. Þarf að fá réttindi til að senda fjöldapóst á foreldra. Helga V ætlar að biðja um þau réttindi.

#### **6. Önnur mál**

Helga Veronica ætlar að bóka Siggú Dögg fyrir 8. og 10. bekk, með tilliti til viðburða sem verða hjá 10. bekk (utanlandsferðir og fleira á döfinni).

Styrkir til 10. bekkjar – spurning um hvort það sé ekki eðlilegt að foreldrar sækji um styrk gegn einhverju framlagi krakkanna, t.d. á vorhátíð. Ekki sjálfsagt að við séum að hafa frumkvæði að þessu ef enginn áhugi virðist vera frá bekkjunum.

**Fundi slitið kl. 18.50**